

2. Teknir verða í notkun stöðumælar við Skúlagötu að austanverðu, framan við húsin nr. 61 og 63. Gjald verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur, en hámarksstöðutími ein klukkustund.

Framangreindar reglur gilda frá 30. júní 1972.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. júní 1972.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur verið ákveðið að leyfa strætisvögnum að aka norður Aðalstræti frá Kirkjustræti gegn einstefnu-akstri, sem ákveðinn hefur verið um götuna fyrir umferð annarra ökutækja.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. ágúst 1972.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um vöruhappdrætti
Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 16500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 70 200 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2500 vinningar í 12. flokki.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 1 800.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 150.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969, öðlast gildi 1. janúar 1973.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150 25. október 1961.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. ágúst 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.